

Mál nr. 517/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um orsakatengsl í tengslum við árekstur 22.12. 2010.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 20.11. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.12. 2012.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var ökumaður bifreiðar sem var kyrrstæð á Ásbraut við verslun við Haukatorg í Hafnarfirði.

Ökumaður bifreiðar A ók aftan á bifreið M.

Ágreiningur er um hvort sýnt hafi verið fram á orsakatengsl milli árekstursins og eymsla sem M telur sig búa við sbr. gögn.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu til staðar vegna slyssins sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Í ljósi takmarkaðra gagna hefur M ekki sýnt fram á orsakatengsl milli áreksturs þess sem getið hefur verið og þeirra eymsla sem hún telur sig hafi orðið fyrir í umrætt sinn. Engin lækisfræðileg gögn eða matsgerð sýna fram á orsakatengsl í máli þessu.

Þegar tekið er mið af ofanrituðu og takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. desember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.